



Stjórn SSH 360. fundur

Mánudaginn 7. mars 2011 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðmundur Rúnar Árnason, Jón Gnarr Kristinsson Pálmi Másson, Guðrún Pálsdóttir og Guðný Ívarsdóttir boðaði forföll.

S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra sat einnig fundinn.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Gunnar Einarsson vék af fundi kl. 12:50.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur SSH fyrir árið 2010.

Fyrir lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2010 ásamt greinargerð framkvæmdastjóra vegna verkefnakostnaðar.

Eyvindur Albertsson endurskoðandi mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar. Jafnframt lagði hann fram áritun KMG endurskoðunar og kjörinna skoðunarmanna.

Umræður

Niðurstaða.

Stjórn samþykkti ársreikning SSH fyrir árið 2010 og staðfesti þá með undirritun sinni.

2. Erindi Strætó bs. v. málefna Sveitarfélagsins Álftaness

Fyrir lá erindi Strætó bs. frá 8. febrúar 2011 þar sem beiðni Álftaness um mat á áhrifum mögulegrar útgöngu sveitarfélagsins úr Strætó bs. er vísað til umfjöllunar í stjórn SSH.

Jafnframt lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra um málið og tillaga um úrvinnslu.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að fela framkvæmdastjóra að vinna áfram með málið í samræmi við umræður á fundinum, í samræmi við tillögu framkvæmdastjóra.

3. Framtíðarhópur SSH – stöðuyfirferð.

Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu og verkáætlun framtíðarhóps vegna mótunar framtíðarsýnar á samstarf sveitarfélagann á höfuðborgarsvæðinu sbr. erindisbréf frá 13. desember sl. Farið var m.a. yfir vinnu v. úttektar á rekstri og stjórnsýslu byggðasamlaganna, verk- og tímaáætlun til hausts og rætt um fyrirhugaða vinnustofu með kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnunum og nefndum 2. apríl nk.

Umræður



Borgarstjóri ræddi sérstaklega undir þessum lið fjárhagsáætlanagerð og nauðsyn þess að auka samstarf og samstillingu sveitarfélaganna í þeirri vinnu.

Aðrir stjórnarmenn tóku undir sjónarmið borgarstjóra – **niðurstaða umræðu var að stefnt verði að auknu samstarfi sveitarfélaganna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.**

4. Uppsögn á samningi vegna leikskóladvalar

Fyrir lá afrit af tilkynningu Reykjavíkurborgar um uppsögn á samningi um leikskóladvöl barna sem flytjast á milli leikskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að vísa málinu til skoðunar og úrvinnslu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga m.t.t. þess að mótaðar verði samræmdar reglur eða viðmið í máli.

5. Sumarvinna námsmanna og atvinnuleitenda

Fyrir lá tilkynning frá Vinnumálastofnun um átak til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur og ábending /hvatning til sveitarfélaga að hefja undirbúnings þessa átaks.

Umræður

Niðurstaða.

Framkvæmdastjóra falið að kalla til fundar forstöðumanna Vinnuskóla sveitarfélaga til yfirferðar og samræmingar á undirbúningi máls.

6. Önnur mál

a) Sorpa bs. – urðunarstaður í Álfsnesi

Haraldur Sverrisson vakti máls á þörf fyrir samtal eigenda Sorpu bs. um framtíðarurðunarstað fyrir byggðasamlagið og mótun heildarstefnu í því máli, m.a. í ljósi þess að stjórn Sorpu hefur samþykkt að sækja um lóð fyrir gasgerðarstöð í Álfsnesi.

Umræður

Niðurstaða:

Mosfellsbær mun hafa frumkvæði að boðun fundar með framkvæmdastjórum sveitarfélaganna og formönnum umhverfisnefnda sveitarfélaganna vegna málsins..

b) Framtíðarstaðsetning hátækisjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu.

Borgarstjóri kallaði eftir viðhorfum til staðsetningar hátækisjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu m.a. vegna mismunandi viðhorfa til þess hvort fyrirhuguð uppbygging við Landspítalann sé besti kostur.